

# Kafteinn Pedró

Skemmtileg sigling sem þjálfar fingrafimi og finhreyfingar.

**Aldur:** 4-99 ára

**Þátttakendur:** 2-4

**Innihald :** 4 bátar, 24 trédýr og 1 litaður teningur

**Hugmynd:** Edith Grein-Böttcher

**Teikningar:** Monika Mulzer-Adam



## Saga:

Pedró er lítill asni og honum leiðist frekar mikið. Enginn á stóra sveitabýlinu vill leika við hann því það er heitt í veðri í dag og öll hin dýrin flatmaga letilega í skugganum af stóra kastaníutrénu. Sem betur fer fær hann góða hugmynd. Sigling á báti væri skemmtileg og vatnið örugglega svalandi! Það eina sem þarf að gera er að skipta dýrunum niður í bátana – en það er hægara sagt en gert ...

## Undirbúningur.

Bátunum fjórum er stillt upp á miðju borðinu þannig að allir leikmenn nái auðveldlega til þeirra.

Hver leikmaður fær afhent 6 ólík dýr:

Hana, frosk, asna, kú, kött og svín.

Teningurinn er líka lagður á borðið.

## Leikreglur:

Yngsti leikmaðurinn kastar teningnum. Ef teningurinn sýnir lit á báti má leikmaðurinn velja eitt dýr og stilla því langsum í bát með sama lit. Ekki má stilla dýrunum upp þversum eða leggja þau niður í bátinn. Hinsvegar má setja dýr ofan á annað dýr. Leikmaður má ekki halda í bátinn þegar hann setur dýrið í hann, en hann má ýta dýrum til hliðar til að koma sínu dýri fyrir. Þegar dýrum fjölgar í bátunum verður erfiðara að koma nýjum dýrum fyrir og hættan á að þau detti útbyrðis eykst. Ef báturinn hallast svo mikið að dýr falla útbyrðis verður leikmaðurinn að taka þau til sín. Þá á næsti leikmaður að gera.

- Það sama gildir ef leikmaður rekur sig í bát eða kastar teningnum í hann.

- Ef hvítur litur kemur upp á teningnum má leikmaður setja dýr í hvaða bát sem er.

- Ef appelsínugulur kemur upp á teningnum verður leikmaður að taka til sín eitt dýr frá öðrum leikmanni að eigin vali.

**Útgáfa fyrir þriggja ára og yngri:** Dýrin má leggja í bátinn og ef appelsínugulur kemur upp á teningnum má leikmaður setja eitt dýr aftur í kassann.

## Leik lýkur:

Sá leikmaður sem er fyrstur til að setja öll dýrin sín í bátana vinnur leikinn.